

Stefna um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka

Útgáfa	5.0	Dagsetning	24/10/2025
Ákvörðunaraðili:	FOS-Stjórn	Endurskoðun:	23/10/2026
Tilgangur:	Tilgangur stefnu þessarar er að tryggja að Fossar hafi skilvirkt kerfi með aðgerðum gegn peningabætti, fjármögnun hryðjuverka og útbreiðslu gereyðingarvopna.		
Markmið:	Markmið stefnunnar er að setja og skilgreina með skýrum og einföldum hætti stefnuyfirlýsingu, meginreglur og stjórnskipulag ráðstafana sem viðhafðar eru gegn peningabætti, fjármögnun hryðjuverka og gereyðingarvopna. Einnig að tryggja að starfsmenn Fossa viðhafi fullnægjandi aðgerðir til að tryggja fylgni við þvingunaraðgerðir.		
Umfang:	Heildar aðgerðir gegn peningabætti, fjármögnun hryðjuverka og gereyðingarvopna. Skjalið fjallar ekki um einstaka reglur eða verklagsreglur.		
Gildissvið:	Stefnan nær til Fossa, þ.m.t. stjórnar félagsins, forstjóra, innri nefnda, stjórnenda, starfsmanna.		
Yfirsíðja:	Stefna um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.		
Réttarheimildir:	Stefna þessi byggir á 5. gr. a. laga um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka nr. 140/2018 (pþl.) og ákvæðum laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frýstingu fjármuna nr. 68/2023.		
Eigandi:	FOS-Regluvörður		
Birting:	Innanhúss		

1 Inngangur

Fossar fjárfestingarbanki hf. (hér eftir „Fossar“ eða „bankinn“) er eftirlitsskylt lánaþyrirtæki undir eftirliti Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands. Fossum er skylt skv. lögum nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka (hér eftir „lög um aðgerðir gegn peningabætti“) og tengdum stjórnvaldsfyrirmælum að gera ráðstafanir í þeim tilgangi að styrkja varnir bankans gegn mögulegu peningabætti, fjármögnun hryðjuverka og gereyðingarvopna ásamt því að viðhafa fullnægjandi aðgerðir til að tryggja fylgni við þvingunaraðgerðir.

2 Stefnyfirlýsing

Það er skýr stefna Fossa að vinna gegn peningabætti, fjármögnun hryðjuverka og gereyðingarvopna og koma í veg fyrir að starfsemi bankans sé misnotuð í slíkum tilgangi. Það er markmið Fossa að varnir bankans séu ávallt sterkar og að takmarka áhættu eins og kostur er þegar kemur að peningabætti og fjármögnun hryðjuverka og gereyðingarvopna. Rík áhersla er lögð á að farið sé eftir lögum gegn peningabætti og tengdum stjórnvaldsfyrirmælum og stuðla að samvinnu við yfirvöld og eftirlitsaðila þegar það á við.

3 Hlutverk og ábyrgð

3.1 Stjórn

Stjórn ber ábyrgð á að fyrir hendi sé virkt kerfi innra eftirlits hjá bankanum. Stjórn skal upplýst um niðurstöðu áhættumats á starfsemi bankans. Stjórn skal tryggja að viðeigandi og fullnægjandi innri reglur, ferlar og kerfi séu til staðar til takmörkunar á áhættu vegna peningaþvættis og fjármögnunar hryðjuverka og gereyðingarvopna. Stjórn skal að minnsta kosti árlega fara yfir skýrslu frá ábyrgðarmanni peningaþvættis.

3.2 Áhættunefnd stjórnar

Áhættunefnd stjórnar er undirnefnd stjórnar félagsins, hún er skipuð af stjórn og nefndin svarar beint til stjórnar. Hlutverk hennar snýr að áhættustjórnun, m.a. að meta áhættustefnu og áhættuvilja bankans ásamt því að hafa eftirlit með öllum skilgreindum áhættum bankans.

Nefndin skal setja sér starfsreglur, skrá fundargerðir og veita upplýsingar til stjórnar.

4 Aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og gereyðingarvopna

Aðferðir við að draga úr hættu sem stafar af peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka auk áhættu er tengist fjármögnun gereyðingarvopna í starfsemi Fossa eru uppbyggðar með sambærilegum hætti og annað innra eftirlit bankans, þ.e. út frá þremur varnarlínum:

Fyrsta varnarlína

Í fyrstu varnarlínu eru stjórnendur og starfsmenn viðskipta- og stoðeininga, sem hafa umsjón með daglegum rekstri bankans. Það er á ábyrgð fyrstu varnarlínu að meta, stýra og upplýsa um áhættu sem starfsfólk verður vart við í daglegum rekstri. Starfsfólk skal samkvæmt verkferlum bankans tilkynna öll grunsamleg eða óvenjuleg viðskipti til regluvörslu. Það er á ábyrgð framkvæmdastjóra að tryggja virkni ráðstafana til að milda hættu á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og gereyðingarvopna og að koma á og viðhalda skilvirku innra eftirliti. Framkvæmdastjórar skulu tryggja að starfsmenn þeirra þekki stefnu þessa og að starfsmenn starfi í samræmi við stefnuna, lög um aðgerðir gegn peningaþvætti og innri reglur og ferla. Þeir bera enn fremur ábyrgð á því að starfsfólk sæki fræðslu um málaflokkinn.

Fossar leggja áherslu á að starfsmenn bankans þekki viðskiptamenn sína og starfsemi þeirra. Starfsmenn skulu vera meðvitaðir um hvar hættu á peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka og gereyðingarvopna getur falist í störfum þeirra. Þeir skulu fylgja því verklagi sem innleitt hefur verið í rekstri Fossa og skulu koma ábendingum á framfæri við ábyrgðarmann telji þeir að brotið hafi verið gegn stefnu þessari.

Fossar hafa tilnefnt sérstakan ábyrgðarmann í fyrstu varnarlínu úr hópi stjórnenda ásamt staðgengli ábyrgðarmanns.

Önnur varnarlína

Í annarri varnarlínu eru regluvarsla og áhættustýring sem þróa virkt eftirlit og úttektir í því skyni að tryggja fullnægjandi áhættustýringu, gæði upplýsinga og að farið sé að lögum og innri stefnu, reglum og verkferlum.

Regluvörður Fossa er jafnframt regluvörður félagsins vegna aðgerða gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og gereyðingarvopna og ber ábyrgð á aðgerðum bankans gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og

gereyðingarvopna. Regluvörður ber ábyrgð á framkvæmd aðgerða Fossa samkvæmt lögum um aðgerðir gegn peningabætti og samsvarandi innri reglum. Regluvörður hefur eftirlit með því að viðeigandi ferlar séu til staðar til að tryggja hlítinu við stefnu þessa og sér til þess að innleiddar séu viðeigandi reglur, ferlar og kerfi til að tryggja fylgni við lög gegn peningabætti. Hann skal hafa skilyrðislausan aðgang að öllum upplýsingum sem varða áreiðanleikakönnun og viðskiptahegðun viðskiptamanna, ásamt öðrum gögnum sem ábyrgðarmaður metur nauðsynleg til að geta sinnt starfi sínu. Regluvörður skal viðhafa reglulega fræðslu fyrir starfsmenn um gildandi lög og reglur. Enn fremur ber hann ábyrgð á að lögbærum yfirvöldum skuli tilkynnt án tafar um grun eða vitneskju um peningabætti eða fjármögnun hryðjuverka og gereyðingarvopna. Regluvörður skal a.m.k. árlega upplýsa stjórn um málaflokkinn í formi skýrslugjafar.

Þriðja varnarlína

Í þriðju varnarlínu er innri endurskoðandi sem veitir óháð mat á virkni fyrstu og annarrar varnarlínu.

Nánnar er kveðið á um ábyrgð, hlutverk og verkaskiptingum í reglum og ferlum bankans um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka og gereyðingarvopna.

5 Þvingunaraðgerðir

Fossar skulu viðhafa fullnægjandi og viðeigandi aðgerðir til að tryggja fylgni við þvingunaraðgerðir. Fylgni við þvingunaraðgerðir er órjúfanlegur hluti af aðgerðum bankans gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka og gereyðingarvopna.

Fossar viðhafa eftirliti með viðskiptavinum sínum og í því felst að kanna hvort viðskiptavinir séu á lista yfir alþjóðlegar þvingunaraðgerðir. Athugun fer fram á nýjum viðskiptavinum, og eftir atvikum raunverulegum eigendum, hvort þá sé að finna á slíkum lista. Þá eru viðskiptavinir, og raunverulegir eigendur, skimaðir gagnvart listum yfir þvingunaraðgerðir á meðan á samningssambandinu stendur. Fossar viðhafa einnig reglubundið færslueftirlit þar sem færslur vegna viðskipta eru skoðuð og skráð. Ef viðskiptavinur er skráður á lista skal frysta fjármuni og í framhaldinu tilkynna viðeigandi aðilum um slíkar ráðstafanir.

6 Aðgerðir Fossa fjárfestingarbanka hf.

Fossar viðhafa ríkar skipulags- og stjórnunarlegar ráðstafanir til að stýra áhættu sem stafar af peningabætti og fjármögnun hryðjuverka og gereyðingarvopna, sem settar eru á grundvelli stefnu þessarar. Slíkar ráðstafanir eru meðal annars í formi ítarlegs áhættumats á rekstri bankans, innri reglna og verkferla sem fylgja skal hvívetna í aðgerðum bankans.

Í innri reglum og verkferlum skal ávallt vera að finna ákvæði um aðferðir við mildun áhættu, framkvæmd áhættumats á viðskiptasamböndum, áreiðanleikakönnun, eftirlit með viðskiptasamböndum, tilkynningar um grunsamleg viðskipti, innra eftirlit og kröfur sem gera skal til þjálfunar og hæfis starfsfólks.

Fossar framkvæma áhættumat á starfsemi bankans. Áhættumatið tekur meðal annars mið af áhættuþáttum sem tengjast tegundum vara, þjónustu, viðskiptavinum, viðskiptalöndum og dreifileiðum bankans.

Fossar framkvæma áreiðanleikakönnun á viðskiptavinum við upphaf viðskiptasambands, áður en einstök viðskipti eiga sér stað, og sem hluta af viðvarandi eftirliti bankans með viðskiptasamböndum í samræmi við innri reglur og ferla bankans. Áreiðanleikakönnun felst í því að viðskiptavinur og tilteknir hagaðilar sanni á sér deili ásamt öflun og sannreyningu tiltekinna upplýsinga um viðskiptavin og tilgang viðskiptasambands. Áreiðanleikakönnun hefur m.a.

Þann tilgang að Fossar geti metið fyrirhugað viðskiptasamband með hliðsjón af áhættumati og er ætlað að tryggja að aðili sé sá sem hann segist vera og hafi heimild til að stofna til viðskipta.

Tegund áreiðanleikakönnunar ræðst af niðurstöðu áhættumats á einstökum viðskiptasamböndum. Aukin áreiðanleikakönnun er framkvæmd í samræmi við lög og áhættumat bankans, m.a. í eftirfarandi tilvikum:

- Þegar viðskiptavinur eða viðskiptasamband tengist áhættusömu eða ósamvinnuþýðu ríki;
- Þegar viðskiptasamband er við aðra tilkynningarskylda aðila yfir landamæri, við aðila utan EES;
- Þegar viðskiptavinur eða raunverulegur eigandi er í áhættuhópi vegna stjórnámálalegra tengsla; eða
- Þegar áhættumat á viðskiptasambandi gefur til kynna aukna áhættu.

Fossar viðhafa reglubundið viðvarandi eftirlit með viðskiptavinum bankans. Eftirlitið er áhættumiðað þar sem eftirlit með áhættumeiri viðskiptasamböndum er tíðara og dýpra en hjá áhættuminni viðskiptavinum. Eftirlit felst meðal annars í greiningu á frávikum og grunsamlegum viðskiptum, eftirlit með aðilum á alþjóðlegum þvingunarlistum og listum yfir stjórnámálaleg tengsl og uppfærslu upplýsinga um viðskiptavini.

7 Áhættumat og áhættuvilji

Fossar hafa ákveðið að tiltekin viðskipti og þjónusta bankans standi ákveðnum tegundum aðila ekki til boða, ýmist vegna banns í lögum og/eða áhættuvilja bankans.

Bankinn stofnar ekki til viðskipta eða viðheldur viðskiptasamböndum:

- sem eru nafnlaus;
- sem ætlað er að dylja raunverulegt eignarhald;
- ef ekki reynist mögulegt að framkvæma fullnægjandi áreiðanleikakönnun í samræmi við niðurstöðu áhættumats, og ekki eru uppi ástæður sem heimila undanþágu frá því;
- við skelbanka (þ.e. fjármálafyrirtæki sem hefur ekki raunverulega starfsemi eða heimilisfesti) eða við aðra tilkynningarskylda aðila sem heimila skelbanka að nota reikninga sína;
- við lögaðila sem gefur út hluti í formi handhafabréfa, án hluthafaskrár;
- við aðila sem lýtur alþjóðlegum þvingunaraðgerðum sem Ísland framfylgir;
- við aðila sem grunur leikur á um að tengist skipulagðri glæpastarfsemi eða refsiverðu broti á almennum hegningarlögum eða öðrum íslenskum lögum, s.s. fjárhættuspili, ólöglegri vopnasölu, meiriháttar fjármunabroti, ólöglegri framleiðslu eða dreifingu fíkniefna, ólögmetu klámi, vændi eða mansali;
- við aðila þar sem fyrir hendi er sterkur grunur um að viðkomandi kunni að misnota þjónustu bankans til peningaþvættis eða fjármögnunar hryðjuverka og gereyðingarvopna, eða að viðkomandi hafi villt á sér heimildir, afhent bankanum fölsuð skjöl eða að öðru leyti sé eðli viðskiptavinar eða tilgangur viðskiptasambands ekki sá sem viðskiptavinur gefur upp;
- við aðila þar sem samkvæmt áhættumati er talin stafa svo mikil hættu á peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka og gereyðingarvopna að áhættan fellur utan áhættuvilja félagsins, eins og þau mörk eru skilgreind í áhættumati viðskiptasambanda.

Tilteknir aðilar geta verið taldir bera með sér aukna áhættu án þess að óheimilt sé samkvæmt lögum eða áhættuvilja að stofna til viðskiptasambands við þá, og skulu þá viðkomandi viðskipti eða viðskiptasambands metin hverju sinni af regluvörslu og/eða viðkomandi viðskiptaeiningu til samræmis við verklag bankans. Gæta skal sérstakrar varfærni þegar stofnað er til viðskipta eða viðskiptasambands, eða því viðhaldið, við eftirfarandi aðila til samræmis við verklag sem nánar er útlistað í reglum og ferlum bankans:

- sem tengjast áhættusömu eða ósamvinnuþýðu ríkis eða þegar greiðslur berast til eða frá slíkum ríkjum;
- sem hafa, eða eru í eigu eða hafa í forsvari aðila sem hafa, hlotið dóm vegna refsiverðrar háttsemi;
- þar sem eignarhald og/eða stjórnskipulag er óvenjulega flókið, óljóst eða erlent;
- þar sem hegðun viðskiptamanns í tengslum við áreiðanleikakönnun er óeðlileg eða aðili vill ekki veita umbeðnar upplýsingar svo fullnægjandi áreiðanleikakönnun geti farið fram;
- þá sem að öðru leyti eru í verulegri eða hárrí áhættu vegna aðgerða gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka og gereyðingarvopna.

Fossar áskilja sér ávallt rétt til að hafna eða slíta viðskiptum/viðskiptasambandi ef áhætta er talin meiri en bankinn er reiðubúinn að taka, til samræmis við áhættuvilja sem list er í þessum kafla. Áhætta sem stafar af hverju viðskiptasambandi skal metin sjálfstætt með hliðsjón af áhættuvilja bankans.

8 Eftirlit

Stefna þessi, sem og áhættumat, innri reglur og verkferlar, sæta eftirliti ábyrgðarmanns og innri endurskoðanda. Regluvörður sér til þess að innleiddar séu reglur, ferlar og kerfi á grundvelli stefnu þessarar, sem stuðla að samræmdu verklagi og góðri framkvæmd laga um aðgerðir gegn peningabætti, fjármögnun hryðjuverka og gereyðingarvopna í starfsemi bankans. Þá bera regluvörður og ábyrgðarmaður einnig sameiginlega ábyrgð á því að innleiða og viðhalda stefnu, stýringum og verkferlum til að tryggja beitingu þvingunaraðgerða.

9 Endurskoðun stefnu

Stefna þessi skal endurskoðuð að minnsta kosti einu sinni á ári.

10 Tengd skjöl

- [Reglur um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.docx](#)
- [Verkferill um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna.docx](#)
- [Verklagsregla um færslueftirlit.docx](#)

11 Breytingaskrá

Útgáfa	Dagsetning	Ákvörðunaraðili	Breyting
1.0	01.08.2024	Stjórn	Stefna sett í gæðahandbók
2.0	09.12.2024	Stjórn	Breytt í samræmi við tilnefningu ábyrgðarmanns úr hópi stjórnenda